AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979 með síðari breytingum.

II. KAFLI

3. gr. 1. málsgr. orðist þannig:
Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 18,15 fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:
Skal notkunargjaldið þá vera 0,38 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:
Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.
Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

a. fyrir mæla allt að 3/4" ..... kr. 111,00
b. fyrir mæla allt að 2" ..... kr. 222,00
c. fyrir mæla allt að 3" ..... kr. 444,00
d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:
Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald, sem skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m^3	Heimæðargjald	
Allt að 400kr.	18 200,00.	
400— 2 000kr.	18 200,00 fyrir	400 m^3+14,50 kr./m^3 þar yfir.
2 000— 6 000kr.	41 500,00 fyrir	2 000 m^3+12,30 kr/m^3 þar yfir.
6 000—10 000kr.	91 100,00 fyrir	6 000 m^3+11,00 kr/m^3 þar yfir.
meira en 10 000kr.	135 000,00 fyrir	10 000 m^3+ 9,50 kr/m^3 þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:
Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

a. fyrir mæli allt að 3/4" ..... kr. 2 740,00
b. fyrir mæli allt að 1 1/2" ..... kr. 5 480,00
c. fyrir mæli allt að 3" ..... kr. 10 960,00

10. gr. orðist þannig:
Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1331 stig.

13. gr. 3. málsgr. orðist þannig:
Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 222,00 fyrir hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.